

**71** Útaf þessu hefir stjórnarráðið ákveðið, að umræddar úrsagnir skuli eftirleiðis miðast við fardaga, þannig að menn verða að segja sig út úr þjóðkirkjunni og inn í utanþjóðkirkjusöfnuð fyrir fardaga eða í fardögum til þess að losast við að greiða sóknargjöld til þjóðkirkjunnar það fardagaár, sem þá fer í hönd, samkvæmt lögum nr. 40, 30. júlí 1909.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að þessi úrskurður stjórnarráðsins hefir í dag verið birtur utanþjóðkirkjusöfnuðum þeim, er forstöðumann hafa, sem hlotið hefir staðfestingu.

**72** **Bréf stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Voðmúlastaðakirkju í Austur-**  
**28. maí Landeyjum og Sigluvíkurkirkju í Vestur-Landeyjum og bygging nýrrar kirkju að Akurey**  
**í Vestur-Landeyjum.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun héraðsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi 10. júní 1908 skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 20. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hérmeð veita leyfi til:

1. að Voðmúlastaðakirkja í Austur-Landeyjum og Sigluvíkurkirkja í Vestur-Landeyjum í Landeyjaprestakalli leggist niður,
2. að reisa skuli nýja kirkju í Landeyjaprestakalli að Akurey í Vestur-Landeyjum,
3. að til hinnar nýju Akureyjarkirkju leggist öll hin fyrverandi Sigluvíkursókn, bæir Voðmúlastaðasóknar vestan Affalls og bæirnir Bergþórshvoll og Kára-gerði, er heyrt hafa Krosssókn til, en eru fyrir vestan Affall,
4. að til Krosskirkju leggist bæir hinnar fyrverandi Voðmúlastaðasóknar austan Affalls,
5. að sjóður Sigluvíkurkirkju, andvirði kirkjuhússins niðurlagða, skruði og áhöld gangi óskift til Akureyjarkirkju,
5. að sjóður Voðmúlastaðakirkju, andvirði kirkjuhússins niðurlagða, skruði og áhöld skiftist milli Akureyjarkirkju og Krosskirkju í réttu hlutfalli við mannfjöldann, sem hvorri sókninni bætist við niðurlagning Voðmúlastaðasóknar,
7. að gjöld til prestsins í Landeyjaprestakalli haldist óbreytt af Sigluvíkur- og Voðmúlastaðaeignum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**73** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um tollheimtu.**

**28. maí** Með bréfi 9. apríl þ. á. hafið þér, herra sýslumaður, spurst fyrir um nokkur atriði, sem snerta tugamæli og tugavog við útreikninginn á tollgjöldum, og eru fyrirspurnir yðar þessar, sem nú skal greina.

- 1) Þarsem tolllöggin 8. nóv. 1901 mæla svo fyrir, að brot úr tolleiningu, sem nema helmingi eða meiru, skuli talin sem heil tolleining, en minni brotum slept, þá spyrjist þér fyrir um það, hvort kílógrammið, vogin, skuli nú teljast tolleining, þannig að minna broti úr vog en helmingi skuli slept framvegis, eða hvort tolleiningin sé framvegis ígildi punds, eða 0.5 úr vog.
- 2) Hvort það sé potturinn eða litrinn, mælirinn, sem sé tolleining fyrir lagarmáli, og vitnið þar til laganna um tugamæli og vog nr. 33, 16. nóv. 1907, 5. gr.
- 3) Eftir að hafa sýnt fram á að yfirskriftin yfir peladálkunum í tollskilagreininni yrði nokkuð óþjál (peli = 24 centilítrar, 2.4 bikarar eftir auglýs. 30. des. 1909) bendið þér á, að það væri mjög æskilegt ef hægt væri, að gefinn yrði út nýr tolltaxti með tollgjöldunum miðuðum við metrakerfið þ. e. tugamæli og tugavog.

Með lögum um metramæli og vog 1907, nr. 33, var ekki tilgangurinn að breyta tolleiningunni að neinu leyti, það sést á tilvitnuðum orðum 5. greinar laganna. Tollurinn er því lagður á pottinn samkvæmt tolllöggunum. Að sama grein ekki nefnir pund, kemur án efa af því, að 2 pund eru nákvæmlega sama og 1 vog, og löggjafinn áleit sig ekki þurfa að forða landssjóðnum við skaða í þeirri grein, en hefði sami tollurinn sem var á pottinum, verið lagður á mælinn, hefði landssjóður misst 3% af öllum tolli lögðum á lagarmál. Stjórnarráðið verður því að álíta að fyrirspurnum yðar verði að svara á þessa leið:

- Ad. 1. Pundið verður að álíta sem tolleiningu fyrir þungavöru, eins og verið hefir. Hálf pund eða meira verður að gjöra að heilu pundi eftir lögum 8. nóv. 1901, en 1 pund verður í tollskilagreininni talið 0.5 vog. Í dæminu, sem þér takið, verður tollurinn af 4 pd. 80 kv. af vindlum = tollur af 5 pundum (=  $5 \times 2$  kr. 60 a.,) = 13 kr., en í tollskilagreininni verður þetta 2.5 vogir. Í útflutningsgjaldsreikningnum verða 151 pund af fiski sama sem 200 pd. eða 100 vogir af fiski.
- Ad. 2. Á sama hátt verður potturinn tolleiningin áfram, og tollurinn lagður á hvern pott, en í skilagreininni verður potturinn kallaður mælir (lítri). Í dæminu úr dönsku tollskránni, sem þér takið »100 fl. á 35 centilítra öl«, verður ölið 38 pt., og tollurinn kr. 3.80, en í tollskilagreininni telst ölið eftir 5. gr. laganna 38 mælar (lítrar). Tunna, sem tekur 119 potta, er talin í skilagreininni 119 mælar, þar sem 1 pottur skal teljast sama sem 1 mælir (lítri).
- Ad. 3. Þegar pelinn er tolleiningin, þá kemur í yfirskriftina yfir þeim dálki í tollskilagreininni 0.25 mælis (eða  $\frac{1}{4}$  mælis) í staðinn fyrir peli. Til þess að gefa út nýja tolltaxta skortir stjórnarráðið heimild, það verður ekki gjört nema með nýjum tolllögum, þar eð eldri tolllögum verður ekki breytt nema með tilhlutun löggjafarvaldsins.